

#### 42. fundur svæðisráðs norðursvæðis

<b>Dagsetning/tími:</b> 28. september 2016 10:00-15:02	<b>Fundarstaður:</b> Gljúfrastofa í Ásbyrgi	<b>Fundarritari:</b> Guðrún Jónsdóttir
<b>Mættir:</b> Óli Halldórsson Arnheiður Jóhannsdóttir Hlynur Snæbjörnsson (vm.) Böðvar Pétursson Grétar Ingvarsson Hjördís Finnbogadóttir	<b>Fjarverandi:</b> Ásvaldur Ævar Þormóðsson	<b>Aðrir fundargestir:</b> Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Guðrún Jónsdóttir, aðstoðarm. þjóðgarðsvarðar

#### Dagskrá fundar:

1. Fundur settur / dagskrárkynning
2. Af vettvangi stjórnar
3. Sumarið á norðursvæði
4. Vetraropnun í Ásbyrgi
5. Skipulagsmál í Ásbyrgi
  - a. Umræða
  - b. Vettvangsferð
  - c. Áframhaldandi umræða
6. Ástjórn: leigusamningur og bátaskýli
7. Önnur mál

#### 1. Fundur settur / dagskrárkynning

Fundur var settur og dagskrá samþykkt. Hjördís og Hlynur voru boðin velkomin á sinn fyrsta svæðisráðsfund og í kjölfar þess fóru Óli og Böðvar yfir praktísk atriði tengd setu í svæðisráði.

Umræða um ferðakostnað hjá svæðisráðsfólki og niðurstaðan varð sú að best sé að senda allan ferðakostnað beint á framkvæmdastjóra þjóðgarðsins.

#### 2. Af vettvangi stjórnar

Óli formaður fór yfir málefni tengd stjórn þjóðgarðsins. Stjórnin fundaði í júní og hittist aftur þegar að farið var í skoðunarferð í Vonarskarð. Grétar svæðisfulltrúi og Guðmundur þjóðgarðsvörður voru fulltrúar norðursvæðis í ferðinni og greindu svæðisráði frá framvindu hennar.

Óli greindi jafnframt frá samningum þjóðgarðsins við ferðafélögin sem standa að rekstri skála í Kverkfjöllum og Drekgili, umsókn þjóðgarðsins um aðild að heimsminjaskrá UNESCO og auglýsingu um stöðufjármálastjóra og bókara, en þessi tvö störf koma til með að verða staðsett á starfsstöðvum þjóðgarðsins.

### 3. Sumarið á norðursvæði

Þjóðgarðsvörður sagði frá sumrinu á norðursvæði. Í heildina gekk starfsemin vel. Gistinætur í Jökulsárgljúfrum voru um 14.400 sem er meira en í fyrra en þó færri en voru árin tvö þar á undan. Útlendingum fjölgar á milli ára en fjöldi Íslendinga sveiflast til eftir veðrinu. Gestum Gljúfrastofu fjölgaði mikið frá fyrra ári eða um 32% í maí, júní og júlí, 38% í ágúst og stefnir í 70% í september. Þátttaka í fræðslu var betri í ár en í fyrra. Um þessar mundir vinnur þjóðgarðurinn að nýrri fræðsluáætlun.

Fyrirhugað nýtt salernishús við Dettifoss að vestan er í ferli hjá Framkvæmdasýslu Ríkisins en ekki enn farið í útboð. Mikilvægt er að húsið komist í gagnið sem fyrst. **Svæðisráð biður þjóðgarðsvörð um að þrýsta á um framhald verksins.** Annar áfangi útsýnispalls við fossinn er í smíðum á Húsavík og stefnt er á að setja hann upp í október.

Starfsemi þjóðgarðsins í Ódáðahrauni gekk vel. Mikil ánægja var meðal landvarða með nýtt húsnaði, en síðustu ár hafa þeir þurft að dvelja í hjólhýsi.

Í vor var þjóðgarðsvörður skipaður í starfshóp um framtíð Hofstaða í Mývatnssveit. Skýrsla með niðurstöðum starfshópsins mun fljótlega koma út. Þar verður sá möguleiki viðraður að gestastofa þjóðgarðsins í Mývatnssveit rísi í landi Hofstaða.

### 4. Vetraropnun í Ásbyrgi

Gljúfrastofa verður opin í allan vetur samkvæmt fyrirbyggjandi bókun stjórnar ef hátíðisdagar um jól og áramót eru undanskildir. Heilsársstarfsmenn munu manna vaktir í vetur ásamt einum starfsmanni í hlutastarfi. Þjóðgarðsvörður leggur þó áherslu á að ekki sé nóg að manna gestastofuna heldur verður líka að vera virkt eftirlit á þjóðgarðssvæðinu og gestum gert kleift að njóta þar afþreyingar. Til að svo sé mögulegt þarf auknar fjárveitingar í reksturinn. **Samþykkt að þjóðgarðsvörður útbúi minnisblað með upplýsingum um þróun gestafjölda í Jökulsárgljúfrum og rekstrarkostnaði heilsársopnunar. Formaður svæðisráðs leggi svo málið fyrir stjórn þjóðgarðsins eins fljótt og hægt er.**

### 5. Skipulagsmál

#### a) Umræða

Deiliskipulagsvinna fyrir Ásbyrgi hefur staðið yfir í þó nokkurn tíma en ekki klárast, m.a. vegna þess að Ásbyrgi er ekki í eigu þjóðgarðsins og að hluta til utan hans. Allt skipulag er því háð vilja Skógræktar ríkisins sem er eigandi jarðarinnar. Þar sem Skógræktin hefur enga starfsemi í Ásbyrgi né heldur neina sýnilega hagsmuni af eignarhaldi jarðarinnar telur svæðisráð og þjóðgarðsvörður heppilegra að þjóðgarðurinn fái full forráð yfir svæðinu. Þess vegna samþykkir svæðisráð eftirfarandi áskorun til stjórnar þjóðgarðsins:

**„Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs beinir því til stjórnar þjóðgarðsins að hún gangi til viðræðna við Skógrækt ríkisins og umhverfisráðuneytið og tryggi full og varanleg umráð Vatnajökulsþjóðgarðs yfir jörðinni Ásbyrgi, þó þannig að Skógræktin sé áfram ráðgefandi varðandi þau**

**svæði innan Ásbyrgis þar sem skógræktarstarf hefur verið unnið. Eðlilegt er að Ásbyrgi sem heild tilheyri þjóðgarðinum og að umsjóunarvald svæðisins sé einfaldað.“**

Rætt var um umferð inn í botn Ásbyrgis og að bílastæðið þar anni vart núverandi umferð, hvað þá þeirri sem er fyrirsáanleg á næstu árum. Ein lausn vandans er að bjóða upp á rútuferðir frá Gljúfrastofu á háannatíma en loka fyrir almenna bílaumferð.

Rætt var um vistorku og rafhleðslustöð fyrir Ásbyrgi. Umhverfisstofnun, ásamt Vatnajökulsþjóðgarði og Þingvallabjóðgarði, vinnur nú að umsókn um styrk til uppsetningar hraðhleðslustöðva á völdum friðlýstum svæðum og eru Ásbyrgi og Mývatn þar tilgreind.

#### b) Vettvangsferð

Farið var að Ástjörn, gatnamótum nýs Dettifossvegur og inn í botn Ásbyrgis.

#### c) Áframhaldandi umræða

Vegna fyrirséðra verkloka framkvæmda við nýjan Dettifossveg á næstu misserum er afar mikilvægt að unnið verði hratt og vel í öllum skipulagsmálum svæðisins og gert ráð fyrir fyrirsáanlegri fjölgun ferðamanna í Ásbyrgi. Samþykkt að ræða skipulagsmál áfram á næsta fundi. **Þjóðgarðsvörður mun þar kynna sína sýn á málin, byggða á reynslu hans m.a. úr þjóðgarðinum í Skaftafelli og þjóðgörðum erlendis.**

## 6. Ástjörn: leigusamningur og bátaskýli

Sumarbúðirnar við Ástjörn hafa beðið um nýjan leigusamning fyrir lóðina undir starfssemina sem og leyfi til að reisa þar bátaskýli. Leyfi fyrir bátaskýli var hafnað á síðasta svæðisráðsfundi og ákveðið að taka svæðið með í deiliskipulagsvinnu. **Svæðisráð felur þjóðgarðverði að bjóða fulltrúum sumarbúðanna á fund með ráðinu og ræða þar núverandi stöðu og framtíðarhugmyndir.**

## 7. Önnur mál

Tekin var umræða um fyrirhugað þekkingarsetur í Mývatnssveit. Búið er að gera skýrslu um málið og tók þjóðgarðurinn þátt í þeirri vinnu. Niðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að þjóðgarðurinn hafi hagsmuni af því að vera innanhúss í þekkingarsetrinu. Mögulega má líka tengja þekkingarsetrið við þá gestastofu þjóðgarðsins sem kveðið er á um að eigi að rísa í Mývatnssveit. Brýnt er að halda þessu máli áfram og því samþykkti svæðisráð eftirfarandi ályktun:

**„Svæðisráð norðursvæðis lýsir yfir vilja til að starfstöð Vatnajökulsþjóðgarðs verði hluti af þekkingarsetri í Mývatnssveit. Jafnframt telur svæðisráð mjög brýnt að undirbúningur verði hafinn að byggingu gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs í Mývatnssveit. Svæðisráð óskar eftir því að þjóðgarðsvörður ræði sem fyrst við fulltrúa Skútustaðahrepps um staðsetningu gestastofunnar.“**

Fundi slitið kl. 15:02.